

Ungmennasambandið Úlfljóttur

88. ársþing



Haldið í Mánagarði í Nesjum

1. júní 2021

Stjórn USÚ 2020

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Jón Guðni Sigurðsson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, varamaður

Hjálmar Jens Sigurðsson, varamaður

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Íris Heiður Jóhannsdóttir (fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Aðildarfélög USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Gunnar Örn Reynisson

framkv.stj: Lárus Páll Pálsson

- *Badmintondeild – ekki starfandi*
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Kraftlyftingadeild
- Körfuknattleiksdeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Björn Ármann Jónsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Gestur Halldórsson

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Klifurfélag Öræfa

formaður: Árni Stefán Haldorsen

Ungmennafélögin Hvöt, Valur og Vísir eru ekki starfandi

Dagskrá 88. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
7. Álit kjörbréfanefndar.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra.
9. Ávörp gesta.
10. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
12. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
13. Kosning.
 - a. Kosning stjórnar
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
 - d. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara.
14. Önnur mál.
15. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
16. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2020

87. ársþing USÚ var haldið töluvert seinna en fyrri þing í Stekkhól 2. júní þar sem samkomutakmarkanir höfðu verið í gildi en í byrjun júní opnaðist gluggi og var þingið vel sótt. Veitt voru hvatningarverðlaun til ungra og efnilegra iðkenda og voru það þau Freyr Sigurðsson, Hermann Þór Ragnarsson, Kjartan Jóhann R. Einarsson, Selma Ýr Ívarsdóttir og Sigurður Guðni Hallsson sem hlutu verðlaunin að þessu sinni. Þorlákur Helgi Pálmason, fyrirlíði meistaraflokks karla í knattspyrnu var kjörinn íþróttamaður ársins. Pálma Guðmundssyni var veitt starfsmerki UMFÍ fyrir ótult starf í þágu Hestamannafélagsins Hornfirðings og einnig var tilkynnt að þær Bryndís Björk Hólmarsdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir hlytu einnig starfsmerki UMFÍ en þær komust því miður hvorugar að veita því viðtöku. Jón Guðni Sigurðsson tók við hlutverki ritara af Kristjáni Erni Ebenezersyni sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa.

Nýtt félag bættist í hóp félaga USÚ þegar þingið samþykkti samhljóða Klifurfélag Öræfa sem 8. virka aðildarfélagið undir vængjum USÚ. Það voru gleðileg tímamót og fangar stjórnin því öflugra starfi sem ungmenna- og íþróttafélög sinna í íþróttahéraðinu okkar.

Þingið samþykkti tillögu stjórnar um að settur yrði á fót starfshópur sem hefði það að markmiði að útbúa nýja úthlutunarreglur vegna skiptingu lottótekna. Í hópnum skildu sitja einn aðili frá öllum þeim virku félögum sem aðild höfðu fyrir þingið. Vegna samkomutakmarkana og annarra tafa hefur sá hópur ekki náð að klára vinnu sína, en er þó kominn vel á veg.

Lítið var um þing og fundi hjá stjórninni á árinu 2020. Sigurður Óskar gjaldkeri situr í stjórn UMFÍ og sinnti sínum störfum þar með takmörkunum og Jóhanna Íris formaður situr í framtíðarnefnd UMFÍ sem einnig hélt áfram vinnu sinni þó ekki eins mikilli eins og stefnt var á. Eitthvað var þó um Teams fundi, sem formaður og eða gjaldkeri mættu á en snerust þeir flestir um upplýsingagjöf varðandi starf, skipulag og styrki vegna heimsfaraldursins. Faraldurinn sem leikið hefur alla heimsbyggðina grátt og hér á Íslandi höfum við sannarlega fengið að finna fyrir áhrifum hans, þá sérstaklega í formi takmarkanna. Ungmenna- og íþróttafélög urðu fyrir miklu höggi þegar ekki var hægt að halda úti starfi eða æfingum. Róðurinn hefur verið mörgum hverjum þungur, en með seiglu og bjartsýni hefur náðst að halda úti starfi að einhverju leyti og má kannski að mörgu leyti þakka þeirri tækni sem við búum að í dag. Styrkir frá ríkinu, ÍSÍ og UMFÍ hafa hjálpað til við að rétta úr kútnum að verulegu leyti en hér á gólfinu eru það þið sem hér sitjið sem hafið haldið á spilunum og eigið þið mikið hrós skilið fyrir það að hafa haldið þetta tímabil út sem við sjáum nú vonandi fyrir endann á og við lítum björtum augum til haustsins og vetrarins þegar lang flestir verða orðnir bólusettir og við eigum vonandi ekki yfir höfði okkar fleiri „bylgjur“. Það sem hægt er að taka með sér í framhaldinu af svona faraldri er það að samvinna og samstaða skiptir gríðarlegu máli. Ef við leggjumst öll á eitt getum við gert stóra hluti og það á einmitt við hér í litla íþróttahéraðinu okkar. Við erum með frábært úrval af metnaðarfullum félögum sem öll vilja gera sitt besta til þess að fólk geti stundað þá iðju sem þau bjóða upp á. Félög sem mest eru

rekin áfram af sjálfbærliðum. Að vera sjálfbærliði í dag er ekki sjálfsgott, hraðinn í samfélaginu er alltaf að aukast og kröfurnar með. Að gefa sér tíma í að sinna því sem manni þykir skemmtilegt svo aðrir geti notið með manni er ekki sjálfsgott og viljum við í stjórn USÚ hrósa ykkur sem hér sitjið fyrir ykkar óeigingjarna starf og metnaðinn sem þið setjið í vinnu ykkar fyrir félögin ykkar.

USÚ hefur veitt styrki á árinu úr Styrktar og afrekssjóði og úr aðalsjóði. Að styrka við starfið innan okkar félaga er okkur mikilvægt og höfum við reynt að hafa það að leiðarljósi að styrkirnir nýtist grasrótinni og félögunum eða iðkendunum best. Hægt er að sjá reglur um styrktar og afrekssjóð á heimasíðu USÚ www.usu.is. Við viljum minna á að hægt er að sækja um styrki til bæði UMFÍ og ÍSÍ fyrir ýmsum verkefnum og allar upplýsingar eru á heimasíðum þeirra www.umfi.is og www.isi.is.

Ég vil þakka ykkur fyrir að koma hingað í dag á þetta 88. ársþing okkar sem er haldið með heldur óvenjulegu sniði, en ég get glatt ykkur með því að á næsta ári verður Ungmennasambandið Úlfjótur 90 ára og stefnum við að því að halda veglegt þing því til heiðurs, vonandi á réttum tíma.

Takk fyrir

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2020

Á árinu 2020 var einu sinni úthlutað úr sjóðnum.

Þessi hlutu styrki:

Fimleikadeild Umf. Sindra hlaut 300.000 kr. styrk vegna kaupa á myndavélabúnaði fyrir æfingar.

Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra hlaut 400.000 kr. styrk vegna ýmis kostnaðar.

Ársreikningur USÚ 2020

	2020	2019
Rekstrartekjur		
Lottó	8.253.416	6.476.010
Styrkir	479.258	759.100
Aðrar tekjur	36.000	6.040.820
Rekstrartekjur alls	8.768.674	13.275.930

1) 2)

3)

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarféлага	5.723.436	4.856.584
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	357.715	303.536
Auglýsingar og heimasíða	18.630	48.838
Verðlaun	28.400	20.420
Ferða- og fundakostnaður	76.050	320.028
Styrkir	779.258	759.100
Annar mótakostnaður	36.000	788.000
Annað	4.879.700	1.856.843
Rekstrargjöld alls	11.899.189	8.953.349

4)

5)

1) 6)

7)

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-3.130.515	4.322.581
---	-------------------	------------------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	21.383	72.255
Fjármagnstekjuskattur	-4.703	-15.896
Fjármagnsliðir alls	16.680	56.359

Hagnaður/Tap	-3.113.835	4.378.940
---------------------	-------------------	------------------

Efnahagsreikningur 31.12.2020

Eignir		
Bankainnistæður	7.868.723	10.982.558
Eignir alls	7.868.723	10.982.558

Eigið fé	4.489.532	4.026.750
-----------------	------------------	------------------

Skuldir		
Ógreitt lottó til aðildarféлага v. áramót	3.379.191	2.499.895
Afgangur af ULM – óráðstafað við áramót	0	4.455.913
Ógreiddir reikningar	0	0
Skuldir alls	3.379.191	6.955.808

Skuldir og eigið fé 31.12.2020	7.868.723	10.982.558
---------------------------------------	------------------	-------------------

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2020

	2020	2019
Rekstrartekjur		
Lottó	357.715	303.536
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	450.000	420.000
Aðrir styrkir	0	0
Rekstrartekjur alls	807.715	723.536

Rekstrargjöld		
Styrkir	700.000	700.000
Rekstrargjöld alls	700.000	700.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	107.715	23.536
----------------------------------	---------	--------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	42.751	145.666
Fjármagnstekjuskattur	-9.405	-32.047
Fjármagnsliðir alls	33.346	113.619

Hagnaður/Tap	141.061	137.155
--------------	---------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2020

Eignir		
Afrekssjóður	5.906.232	5.765.171
Eignir alls	5.906.232	5.765.171

Eigið fé	5.906.232	5.765.171
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2020	5.906.232	5.765.171
--------------------------------	-----------	-----------

Skýringar

- 1) Getraunastarf Umf. Sindra.
- 2) Styrkur frá Landlæknisembættinu vegna ULM 2019.
- 3) Hlutur USÚ í rekstri Unglingalandsmótsins.
Einnig hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þátttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra. Upphæðin 2020 eru eingöngu slíkar tekjur.
- 4) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár.
- 5) Ferða og fundakostnaður er umtalsvert meiri á oddatöluárum, því þá halda bæði UMFÍ og ÍSÍ sín ársþing.
- 6) Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra fékk styrk upp á 500.000 kr. árið 2019 og 300.000 kr. árið 2020.
- 7) 2019 – Kaup á merktum vörum fyrir ULM og kaup á Pannavelli.
2020 – hlutdeild aðildarféлага í rekstrarafgangi ULM2019, auk kostnaðar við fyrirlestur.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélagunum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda féлага. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
 - Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
 - Kosning fulltrúa á Íþróttþing (ÍSí þing).
 - Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara, sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaþing:

Aukaþing má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarféлага óskar þess. Tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþing eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar:

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði. Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundur skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14.gr.

Sambandið og aðildarfélag þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

Lögum þessum var síðast breytt á 87. ársþingi USÚ, 2. júní 2020.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirski afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélagum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarféлага sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða

Þessari reglugerð var síðast breytt á 87. ársþingi USÚ, 2. júní 2020.

Starfskýrslur aðildarfélaga

Starfsskýrsla aðalstjórnar Umf. Sindra

Kæra stjórnarfolk, félagsmenn, iðkendur og gestir, ég býð ykkur velkomin á aðalfund ungmennafélagsins Sindra.

Nú er 86. starfsári félagsins að ljúka, sem betur fer held ég að flestir séu sammála um, og miðað við fréttir af tilslökunum varðandi áhorfendur á íþróttaviðburðum nú í vikunni þá horfir vonandi til betri tíma.

Starfið á árinu

Starfið á árinu 2020 var að mestu undirlagt COVID-19 og þrátt fyrir að flestir séu búnir að fá algjörlega nóg af því að heyra á það minnst verður ekki hjá því komist að ræða það eitthvað hér. Faraldurinn hefur óumflýjanlega haft áhrif á allt starf félagsins til hins verra en að mínu áliti þá hefur deildunum tekist afar vel upp í að mæta þessum áskorunum af þrautseigju og einstakri aðlögunarhæfni. Flestir stjórnarfundir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað og síma og börn hafa þurft að „mæta“ á æfingar á netinu, sem er engu að síður mun betra en að mæta alls ekki. Eins búum við að því hér að stór hluti okkar styrktaraðila treysta á ferðamenn til tekjuöflunar og því hafa deildir orðið fyrir tekjuskerðingu af þeim völdum ásamt því að ekki var hægt að halda viðburði líkt og Húmarhátíð og tónlistarsýningu skemmtifélagsins en á móti kemur að ferðakostnaður var lægri en í venjulegu ári. Eins og ég sagði ætla ég ekki að eyða ekki of miklu púðri í það sem var sem yfirleitt er þó markmið með ársskýrslu fyrir liðið ár. Ég ætla frekar að líta aðeins til þess jákvæða sem framundan er.

Ritnefnd

Eins og fyrrverandi formaður orðaði það þegar ég hafði samband við hann þá er ritnefnd „vakandi“. Nefndin hefur auglýst eftir myndum frá starfinu á liðnum árum og það kemst væntanlega skriður á ritstörf með haustinu.

Heimasíðan

Hugmyndir eru uppi með að efla og nútímavæða heimasíðu félagsins með tengingum við samfélagsmiðla og efla sýnileika félagsins út á við. Það er vinna sem er að einhverju leyti hafin og ætti að geta gengið hratt fyrir sig.

Bílamál

Svo við höldum í hefðirnar þá verðum við að minnast á bílamálin, reyndar held ég að fregnir af þeim hafi oft verið verri. Í haust var helmingshlutur í 21 manns bílnum seldur Fallastakki. Gamli Ford, 14 manna bíllinn er talinn ónýtur, í það minnsta borgar sig ekki að gera við hann en mögulega er hægt að selja hann í því ástandi sem hann er í.

Nú eigum við tvo 9 manna bíla, Toyotu og svo er nýr, fjórhjóladrifinn, 9 manna Benz Vito sem keyptur var í janúar. Samkomulag náðist við Bílaleigu Akureyrar um að hafa 17 manna rútu á staðnum, en sá bíll hefur verið mikið notaður frá því hann kom á staðinn. Þetta er tilraunaverkefni og vonir standa til að þetta verði framtíðin, þ.e.a.s. að félagið eigi tvo, eins, fjórhjóladrifna, 9 manna bíla og svo verði staðsettur hér 17 manna bíll til afnota fyrir deildirnar.

Starfið framundan

Nú er að hefjast 87. starfsár félagsins og það er augljóst að þjálfarar og iðkendur ætla sér stóra hluti á árinu. Sindri situr, sameiginlega með öðrum, í toppsæti 1. deildar í körfubolta karla og er það glæsilegur árangur. Meistaraflokkur kvenna í blaki, með metfjölda iðkenda, spilar sinn fyrsta leik í kvöld á heimavelli og óhætt er að hvetja 50 manns að fjölmenna á pallana og styðja við bakið á þeim. Meistaraflokkar karla og kvenna eru í óþáðni að undirbúa sumarið og hafa verið öflugir undanfarið í að undirrita samninga við leikmenn, bæði heimamenn sem og aðra, sem koma til með að mynda öfluga heild. Einnig er vert að minnast á að Knattspyrnudeildin hefur hafið samstarf við Haus hugarþjálfun um andlega þjálfun iðkenda og er um að ræða frumkvöðlastarf í þeim efnunum á landsvísu. Þetta er gríðarlega spennandi verkefni og verður áhugavert að fylgjast með framvindu þess því við þekkjum jú öll hversu miklu máli hugarfarið skiptir í íþróttum sem og hinu daglega lífi. Hjá öllum deildum, í öllum aldurshópum, eru þrotlausar æfingar og mót framundan en þó svo að við búum mögulega við takmarkanir eitthvað fram á þetta ár held ég að við verðum að leyfa okkur að horfa björtum augum til vorsins og sumarsins.

Áfram Sindri!

Gunnar Örn Reynisson, formaður Ungmennafélagsins Sindra

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra fyrir árið 2020 sátu Hjalti Þór Vignisson formaður, Arna Harðardóttir gjaldkeri, Jón Guðni Sigurðsson ritari sem sagði starfi sínu lausu í ágústmánuði, Jóna Benný Kristjánsdóttir, Ernesto Barboza formaður mfl. ráðs og Sigurður Ægir Birgisson formaður yngri flokka ráðs. Auk Sigurðar Ægis störfuðu Eva Birgisdóttir, Guðrún Ása Jóhannsdóttir og Ingólfur Reynisson í yngri flokka ráði. Á haustdögum tóku þær Sandra Sigmundsdóttir og Guðrún Sigfinnsdóttur til starfa með stjórninni.

Markmið og stefna stjórnar er að efla knattspyrnuíðkun og stuðla að auknum forvörnum í samfélaginu, viðhafa ábyrga fjármálastjórn, hlúa vel að og efla yngri flokkana og styðja við framtíðaruppbyggingu eldri flokka knattspyrnudeildar Sindra. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu starf í yngstu flokkum Sindra hefur eflst núna á síðustu árum sem gefur góð fyrirheit um framtíðina.

Covid hafði mikil áhrif á knattspyrnuíðkun líkt og svo víða í þjóðfélaginu. Ingvi Ingólfsson var við stjórnvölinn hjá m.fl. karla þar til hann sagði starfi sínu lausu í ágústmánuði og við tóku Sindri Ragnarsson og Halldór Steinar Kristjánsson. Knattspyrnudeildin ritaði síðan undir samning við Óla Stefán Flóventsson eftir lok tímabils um að stýra liði meistaraflokks karla auka 5. fl. kk og kvenna.

Veselin Chiringirov þjálfaði mfl. kvk., 3. fl. kk og kvk og 4. fl. kk og kvk. Frá áramótum og til oka tímabils þjálfaði Einar Karl Árnason 5. fl. kk og kvk. undir umsjón Veselin.

Sigurborg Jóna Björnsdóttir þjálfaði 6. og 7. flokks kk og kvk fram á vormánuði þegar Halldór Steinar Kristjánsson tók við og stýrir þessum flokkum enn.

Öllum þessum þjálfurum þökkum við fyrir og gott samstarf sem og þeim sem létu af störfum á árinu. Aðstoðarfólki sem komu að þjálfun og vinnu fyrir félagið þökkum við vel unnin störf.

Rekstur deildarinnar er umtalsverður, mikil og löng ferðalög gera reksturinn þungan en tekist hefur undanfarið ár að halda ágætum stöðugleika í fjármálum. Covid tíminn hefur reynst deildinni þungur og til dæmis missti hún umtalsverðar tekjur vegna þess að Humarhátíð var ekki haldin. Aðrar fjáraflanir gengu þó vel og þá einkum landanir.

Að lokum vill knattspyrnudeild Sindra koma fram þakklæti til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem lagt hafa deildinni lið á árinu 2020.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Sindra.

Hjalti Þór Vignisson

Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

Yngriflokkaráð

Tölvupóstfang: yngriflokkar@umfsindri.is

Sigurður Ægir Birgisson Formaður

Eva Birgisdóttir, gjaldkeri

Ingólfur Reynisson, ritari

Guðrún Ása Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

Ársskýrsla kraftlyftingadeildar Sindra

Stjórn frá fyrra ári hefur haldið sér óbreyttri og er formaður Kristján Vilhelm Gunnarsson.

Undanfarið ár hefur starfsemi kraftlyftingadeildarinnar verið lítil í byrjun árs. Æfingar hjá deildinni byrjuðu þó aftur undir stjórn Erlends Rafnkels og hafa æfingar verið haldnar í íþróttahúsinu um morgna fyrir skóla og svo um helgar og hefur aukinn opnunartími íþróttahús verið hagstætt fyrir okkar starf á meðan Sporthúsið hefur verið lokað vegna Corónu veirunnar.

Beðið er eftir að aðstaðan verði byggð við Sundlaugina á vegum sveitarfélagsins og er vonast til þess að þá verði hagkvæmt að vera með þjálfara á launum og reglubundnar æfingar.

F.H. stjórnar Kraftlyftingadeildar
Kristján Vilhelm Gunnarsson

Ársskýrsla blakdeildar Sindra

Árið 2020 var ekki eins og ég hafði séð það fyrir fram og það á örugglega við um aðrar deildir líka.

Það byrjaði svo sem ágætlega og bæði karla og kvennaliðið héldu áfram þátttöku sinni í Íslandsmóttinu í Janúar, þar sem konurnar mættu til leiks í Mosó og héldu sinni sigurgöngu áfram og voru með örugga forystu eftir þessa túrneringu. Karlarnir kepptu á Flúðum og gerðu góða hluti eins og við er að búast.

Síðan kom covid og allt keppnishald blásið af og engir meistarasar krýndir, sem stelpurnar hefðu svo sannarlega átt skilið.

Því miður náðum við ekki að koma krökkunum á mót þetta árið en þó munaði litlu að þau færu í lok febrúar þegar til stóð að skella sér í Mosfellsbæinn en þá gerði óveður og ferðin var blásin af á síðustu stundu.

Aida stóð sig vel í að senda krökkunum æfingar á netinu þegar venjulegar æfingar lágu niðri. Við höldum svo partí í vor fyrir þau og allir fengu blakbolta að gjöf til að æfa sig heima.

Haustið hefur gengið ágætlega og krakkarnir fengið að æfa að mestu leiti eftir æfingabann snemma í haust.

Meistaraflokkur kvenna hefur æft 2 í viku og er mjög góð mæting hjá þeim. Þær taka þátt í austurlands riðli Íslandsmótsins sem var sett á þar sem ekki var hægt að halda túrningar þennan veturinn. Spilað er heima og að heiman og er fyrsti leikur þann 25 febrúar á Höfn.

Karlaliðið er með eina æfingu á viku og því miður hefur mætingin ekki verið sem skildi.

Ég vil þakka félögum mínum í stjórn blakdeildarinnar fyrir samstarfið á þessu krefjandi ári.

Páll Róbert Matthíasson.

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

Stjórn 2020

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2020 skipuðu Hjálmar Jens Sigurðsson formaður, Ottó Marwin Gunnarson kom inn í gjaldkerann fyrir Guðrúnu Ósk Gunnarsdóttur sem hélt svo áfram sem meðstjórnandi. Þar að auki voru Björgvin Erlendsson og Skúli Ingibergur Þórarinsson meðstjórnendur ásamt Þorgrími Tjörvi Halldórssyni ritara.

Meistaraflokkur karla

Í mars stöðvaðist tímabilið hjá meistaraflokki vegna kórónuveirufaraldursins. Á þessum tímavarki var liðið í harðri baráttu í neðri hluta 1.deildar og ýmsar blikur á lofti að liðinu tækist að halda sig frá botnbaráttunni. Tímabilið var svo blásið af fljótlega í kjölfarið. Samningurinn við Halldór Steingrímsson þjálfara var ekki endurnýjaður og um mitt sumar var spænski þjálfarinn Pedro Garcia Rosado ráðinn til starfa sem þjálfari meistaraflokks karla og að auki sem yfirþjálfari yngri flokka. Pedro hefur komið með ferskan blæ og metnað inn í þjálfun hjá deildinni og hefur gengi liðsins aldrei verið betra þegar þessi orð eru skrifuð og stendur liðið nú í þriðja sæti deildarinnar. Liðið samanstendur sem áður af sterkum hópi aðkomumanna og góðum kjarna

heimamanna. Tímabilið hefur verið áskorun vegna fyrrnefnds faraldur og stöðvaðist tímabilið í þrjá mánuði vegna hans þegar einn leikur var búinn í byrjun október.

Yngri flokkar

Líkt og með meistaraflokk stöðvaðist keppni í vor vegna faraldursins og æfingar einnig um tíma. En hægt að var ljúka æfingum í vor. Í haust fór starfið af stað af krafti en sama var uppi á teningnum og náði einungis einn flokkur að keppa áður en keppni og æfingar voru stöðvaðar í lok október. Reynt var að halda uppi starfi með æfingum í gegnum Zoom á þessu tímabili og hófust svo æfingar aftur um miðjan nóvember en allt keppnishald var áfram á ís. Var það áskorun að halda úti æfingum án þess að vita nokkuð um það hvort að keppni yrði, en á sama tíma ákveðin lífsgæði að geta það miðað við ástandið.

Meistaraflokkur kvenna og annað starf

Keppni í 2.deild meistaraflokks kvenna var blásin af í vor og svo allt tímabilið í haust vegna í þriðju bylgjunnar. Góður kraftur var í starfinu í vor og þjálfari Robert Nortman liðið. Meiri kraftur hefði mátt vera í starfinu í haust en það horfir þó vonandi til betri vegar.

Bumban heldur sínum sessi sem einn af máttarstólpum deildarinnar. Æfingar eru vel sóttar og alvanalegt að um 15 manns séu á æfingum og hópurinn mun stærri sem lætur sjá sig reglulega.

Fjármál og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur áfram haldið að vaxa og á sama tíma að vera góð áskorun sérstaklega í árferði kórónufaraldursins. Aðal kostnaðarliðurinn sem fyrr hefur verið meistaraflokkur karla. Bryddað hefur verið upp á hinum ýmsum nýjungum í fjáröflunum eins og Þorabakkasölu og Bollubakstri. Í lok desember stóð svo deildin fyrir söfnun þar sem áætluðu góðgerðar-happdrætti var flýtt og ákveðið að styðja við Seyðfirðinga á erfiðum tímum. Söfnuðust þar á annað hundrað þúsund sem runnu í samfélagssjóð Seyðfirðinga. Stjórnin vill þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur bæði í formi fjárhagsstuðnings, vinnuframlags, annars konar stuðnings og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa komið að starfinu.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra Hjálmar Jens Sigurðsson

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar Sindra

Árið hefur verið skrautlegt með öllum sínum takmörkunum eins og allir vita.

Þjálfaramálin hafa verið frekar óstöðug síðastliðin ár, við höfum ekki náð að halda yfirþjálfara hjá okkur nema í skamman tíma í einu. Það gerir það að verkum að frjálsíþróttæfingar verða slitróttar og lítil stöðugleiki var í deildinni.

Í janúar var Harpa Sigríður Óskarsdóttir með frjálsíþróttæfingar hjá okkur og var hún fram á sumar og þjálfari meðan það mátti þjálfar vegna Covid og fjöldatakmarkana.

Í sumar vorum við með æfingar fyrir 10 ára og yngri, það gekk ekki mjög vel, það voru margar ástæður fyrir því. Við prófuðum að auglýsa námskeið í frjálsum fyrir 10 ára og yngri þegar leikjanámskeiðið fór í sumarfrí í júlí, en það var dræm mæting og greinilegt að allir voru í sumarfrí. En okkur langaði til að prófa og sjá hvort börn væru á svæðinu og áhugi væri fyrir hendi, en svo var ekki.

Þau gleðitíðindi urðu þó í þessum harðindum að frjálsíþróttadeildin fékk nýjan þjálfara sem kom til starfa í september síðastliðnum og hann er ennþá. Þjálfarinn Mariano Ferreyra kemur frá Spáni og er með mikla reynslu í þjálfun á afreksfólki í sundi, þríbraut og þrekþjálfun. Hann er einnig að þjálfa hjá Sunddeild Sindra og það samstarf virkar vel, hann hefur einnig verið ráðinn hjá Knattspyrnudeildinni þar sem hann sinnir þrekþjálfun með eldri flokkum og meistaraflokkum. Með því fyrirkomulagi nær hann að hafa þetta sem aðalatvinnu og það er gott, við vonumst til að hafa hann hér sem lengst þar sem allar deildir eru ánægðar með hans störf og iðkendur einnig.

Það hafa verið þrjár æfingar á viku fyrir 1.-6. Bekk og tvisvar sinnum í viku eru æfingar fyrir 7.-10. Bekk. Á þessum æfingum hafa verið aðstoðarþjálfarar, þau Almar Páll Lárusson og Alexandra Hernandez. Það hefur ekki veitt af, mætingar hafa farið fram úr björtustu vonum og vonumst við til að það muni fjölga enn frekar þegar líður á vorið.

14 iðkendur eru hjá okkur á yngri stigi sem er 1.-5.bekkur og á eldri stigi eru iðkendurnir 16 og eru þeir í 6.-10.bekk. Samtals eru þetta 30 iðkendur.

Enn sem komið er þá eru æfingarnar að mestu leiti í íþróttahúsinu og í Bárinni en það virðist vera vor í loftinu þannig að ekki líður á löngu að iðkendur í frjálsíþróttadeildinni fari að tæta upp tartanbrautina.

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra

Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra

Árið 2020 byrjaði vel hjá Fimleikadeild Sindra og voru iðkendur, þjálfarar og stjórnarmeðlimir spenntir fyrir komandi önn. Starfið hófst af fullum krafti og var mikið lagt í árlega sýningu deildarinnar sem var í lok janúar. Lion King sýningin heppnaðist vel og var mæting góð sem er mikil hvatning fyrir bæði iðkendur og þjálfara.

Ekki er hægt að fjalla um starfsárið

án þess að minnst á Covid-19. Í febrúar herjaði heimsfaraldurinn á okkur sem hafði töluvert hamlandi áhrif á starf fimleikadeildarinnar og var árið 2020 því afar óvenjulegt ár fyrir starfsemi íþróttafélaga. Starfið hefur verið stopp og iðkendum farið töluvert fækkandi í kjölfarið sem er mikið áhyggjuefni og verður það verkefni okkar framundan að reyna að sporna við frekara brottfalli og efla starfið að nýju. Sökum þessa þurfti að fella niður ýmsa viðburði og fóru keppnishóparnir okkar ekki á nein mót. Þjálfarar brugðust þó vel við þessari áskorun og héldu iðkendum við efnið með reglulegum æfingum sem settar voru inn á fimleikasíðurnar meðan á ástandinu stóð. Var almenn ánægja meðal iðkenda og foreldra með framtakið. Við náðum þó að enda veturinn 2019-2020 með lokahófi, án áhorfenda, þar sem fimleikamaður Sindra 2020 var krýndur sem var Júlíana Rós Sigurðardóttir. Deildin hélt uppteknum hætti um sumarið og var með 17. júní sýningu á miðsvæði Hafnar. Ekkert varð þó úr fyrirhugaðri Ollerup æfingarferð sem átti að fara í lok júlí. Haustönn hófst í september en fljótlega skall þó á önnur Covid bylgja sem stöðvaði alla starfsemi hjá okkur í töluverðan tíma. Hjá fimleikadeildinni starfa 16 þjálfarar ásamt tveimur aðstoðarþjálfurum. Mikil auking hefur orðið á yngri þjálfurum hjá deildinni og er það mikið ánægjuefni og gott upp á framtíðina að gera. Fimleikadeildin leggur auk þess ríka áherslu á menntun þjálfara og hefur það að markmiði að byggja upp öflugt þjálfarteymi sem styrkist mikið með hverju námskeiðinu. Hafa þjálfarar félagsins m.a. sótt námskeið á vegum FSÍ og ÍSÍ. Fengu allir okkar þjálfarar gefins þjálfarafatnað frá Jakó Sport. Hvað varðar áhaldastöðu deildarinnar þá fjárfestum við í nokkrum áhöldum á árinu. Við keyptum blásara fyrir loftdýnuna okkar sem heldur jöfnum þrýstingi í henni sem er mikill munur og eykur öryggi meðal iðkenda. Einnig var fjárfest í skádýnu sem hentar okkur vel í undirbúningi fyrir stökk á öllum aldri. Auk þess voru keyptar lóðarstangir, þyngingarplötur

og þyngingarboltar sem hafa komið að góðum notum á þrekæfingum iðkenda. Við fengum svo rausnarlegan styrk frá Ajtel en fyrirtækið fjárfesti í nýrri svampagryfju fyrir deildina sem hefur verið langþráður draumur. Fyrir iðkendur er þetta mikil búbót og gefur þeim aukna möguleika á að gera ný stökk á stóra trampolínum. Þegar hægt var að halda úti æfingum gekk starfið vel. Sóttvörnum var fylgt vel eftir og hefur sveitarfélagið úthlutað deildinni sótthreinsibyssu til notkunar. Hvað varðar fjárhagsleg áhrif á deildina af völdum Covid varð deildin ekki fyrir miklum áföllum fjárhagslega. Engin deild innan Sindra endurgreiddi æfingagjöld og var því staðið við alla launasamninga við þjálfara og fór innkoma æfingagjalda alfarið í þennan kostnaðarlið. Breytingar urðu í stjórn fimleikadeildarinnar en Signý Ingvadóttir lét af störfum sem gjaldkeri sl. áramót og þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið og störf hennar í þágu deildarinnar. Árdís Erna Halldórsdóttir, Heiðrún Högnadóttir og Fjóla Hrafnkelsdóttir komu nýjar inn í stjórn og munum við í sameiningu takast á við þau verkefni sem birtast okkur hverju sinni. Að lokum vill stjórn Fimleikadeildarinnar þakka öllum þeim sem lagt hafa deildinni lið með einum eða öðrum hætti.

Fyrir hönd Fimleikadeildar Sindra
Ingibjörg Guðmundsdóttir

Ársskýrsla Sunddeildar Sindra

Á nýju ári hóf deildin störf og Agnar Jökull Imsland Arason var áfram þjálfari.

Í febrúar vorum haldnar hér æfingarbúðir og kom Ingi Þór að vanda til okkar ásamt nokkrum börn af Austurlandi.

Skriðsundsnámskeið var haldi fyrir 18+ á vorönn.

Í febrúar fór eldri hópurinn til Reykjavík á KR mótið og í mars í Hafnarfjörð í Ásvallarlaug. Reyndust þetta verða einu mótin sem sótt voru af þessum aldurhópi.

Í sumar vorum við með 3ja vikna forskólasund fyrir 4 og 5 ára börn og var það mjög vel sótt.

Í Júlí var Sumarhátíð ÚÍA haldin á Egilstöðum og fóru nokkur börn frá sunddeildinni, þetta var eina mótið á árinu sem allir iðkendur gátu sótt.

Deildin seldi sjómannadagsblaðið og var það eina fjáröflunin sem börnin fóru í.

Sunddeildin og frjálsar fóru svo í samstarf að frumkvæði Lárusar um ráðningu á nýjum þjálfara síðastliðið haust. Mariano Ferreyra kom svo til okkar í miðju Covid. Aðstoðarþjálfari ársins hefur verið Magni Snær Imsland Grétarsson.

Í dag erum við með 3 aldurhópa ásamt garpa/þríþrautar hópi.

Iðkendur deildarinnar í kringum 30.

Allt þetta ár var þetta mjög skrítið því sundlaugin lokaði í nokkrar vikur.

Ekkert innanfélagsmót, ekkert slútt eða jólasamvera og engin jólakort borin út.

Allt árið er stjórnin að telja dósir fyrir starfið í deildinni.

Erla Berglind Antonsdóttir formaður.

Gunnhildur Imsland gjaldkeri.

Jónína Björk ritari.

Starfsskýrsla UMF. Mána

Aðalfundur Mána var haldinn 14. mars í Mánagarði og á hann mættu 7 manns. Eftir lagabreytingu um fjölda stjórnarmanna var kosin stjórn og í henni sitja:

Stjórn: Björn Ármann Jónsson, formaður, Ásta Steinunn Eiríksdóttir, gjaldkeri, Anna Lilja Ragnarsdóttir, ritari

Til vara: Halldór Einarsson, Ingvar Már Guðjónsson

87. ársþing USÚ var haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings og mættu þar 5 fulltrúar Mána

Hátíðarhöldin á þjóðhátíðardaginn 17. júní voru haldin með hefðbundnu sniði. Gengið var frá mánagarði og upp að rétt í Laxárdal þaðan gengið niður að Laxá og meðfram henni til baka í mánagarð þar sem var grillað og farið í leiki. Tæplega 50 mættu þrátt fyrir heimsfaraldur en á þessum tíma miðuðust takmarkanir við 500 manns. Svo var veður líka gott

Hlaupahópur Mána var stofnaður á haustmánuðum og stjórnaði Harpa Sigríður Óskarsdóttir æfingum og voru þær vel sóttar fram að þriðju bylgju kóvid og fór hópurinn í dvala eftir dræma mætingu eftir að samkomutakmörkunum var létt á nýjan leik. Von er þó um að koma þessu af stað aftur eða örðu svipuðu.

Kiwanismenn settu upp jólatré á kirkjuhæðinni við Laxá í byrjun desember. Stuttu seinna var sett sería og gengið betur frá því svo það stæði af sér veður. Halldór og Ingvar sá um það. Fékk það að standa fram til 7. janúar. Í stað þess að enda á báli eins og venjulega fengu geitur hér í sveit að gæða sér á því.

Einnig hefur verið unnið á fundum með USÚ og öðrum aðildarfélögum en endurskoðun á lottó reglugerð USÚ en sú vinna hefur gengið hægt vegna samkomutakmarkana.

Þrettándagleði Mána var haldin með breyttu sniði vegna samkomutakmarkana. Björgunarfélagið sá um flugeldasýningu og gestir nutu úr bílum sínum. Flugeldasýningin var góð þó allir hefðu vilja vera lausir við sinubrunann sem var í kjölfarið

Kveikt var á kertum til minningar um góðan ungmennafélaga okkar Ingvar sem lést á jóladag.

Björn Ármann Jónsson, formaður Umf. Mána

Starfsskýrsla UMFÖ

Árið 2020 hófst með hálfgerðum látum; mikið rok og stundum samfara hálfu leiddi til þess að þjóðveginum var lokað æ ofan í æ. Í febrúar kom heimsfaraldur kórónuveirunnar covid-19 til landsins. Landlæknir, sóttvarnalæknir og fulltrúi almannavarna eða þríeykið eins og þau kölluðust upplýstu reglulega um stöðuna og hvaða aðgerðir væru í gangi til að hefta útbreiðslu veirunnar. Allt starf ársins hjá UMFÖ litaðist síðan af því hvernig tilmæli sóttvarnalæknis voru hverju sinni. Hér eru þó helstu viðburðir taldir upp.

12. febrúar 2020 fór Sigrún á fund í Heklu ásamt formönnum annarra deilda innan USÚ og fulltrúum stjórnar. Efni fundarins var skipting á tekjum sem komu til úthlutunar eftir unglingalandsmót sumarið 2019.

17.-18. febrúar stóð UMFÖ fyrir dansnámskeiði í Hofgarði. Jón Pétur Úlfljótsson (hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru) sá um kennsluna og það mættu 35 í dansinn. Vel heppnað og skemmtilegt námskeið.

13. maí stofnaði Eva Bjarnadóttir hlaupahóp UMFÖ: Hlaupagengið. Þar voru vikuleg hlaup og Eva setti hlaupaleiðir dagsins inn á fésbókarsíðu hópsins tímanlega fyrir hverja æfingu – hlaupaleiðirnar voru valdar út um alla sveit. 9 hlauparar voru virkastir í mætingum, en ýmsir bættust við stöku sinnum.

17. maí var Sigrún Sigurgeirsdóttir með íslenskupjálfun fyrir starfsfólkið á Hótel Skaftafelli

1. júní var aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði. Honum hafði verið frestað vegna fordæmalausra aðstæðna, heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

2. júní mættu Íris, Sigrún og Svanhvít á USÚ þing í Stekkhóli í Nesjum.

17. júní var þjóðhátíð fagnað með fjölbreyttri dagskrá. Gengið var upp í ungmennafélagslundinn í Svínafelli og þar voru flutt ljóð og sungið. Síðan var farið á hefðbundna útisamkomusvæðið, farið í leiki og snæddar veitingar. Veðrið var frábært og mætingin góð. Svanhvít Helga Jóhannsdóttir, Guðný Diljá Helgadóttir, Íris Ragnarsdóttir Pedersen og Erla Guðný Helgadóttir skipulögðu dagskrána og stýrðu henni.

28. júní stóð Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir, í samstarfi við UMFÖ, fyrir konfektgerðarnámskeiði á Kaffi Vatnajökli. Halldór Kristján Sigurðsson kenndi okkur ýmsar súkkulaðilistir og þátttakan var breið, 18 manns allt frá Örafum og út á Höfn.

11. júlí stýrði Eva Bjarnadóttir listahátíðinni Sumarsvalanum á Fagurhólsmýri. Listamennirnir sem áttu verk á sýningunni voru allir tengdir Örafunum á einn eða annan máta, en það voru í stafrófsröð: Birgitta Karen Sveinsdóttir, Einar Rúnar Sigurðsson, Elín Gunnlaugsdóttir, Eva Bjarnadóttir, Fjóla Ósk Ögmundsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Jón Ágúst Guðjónsson og Stefanía Ragnarsdóttir. Eva var með gjörning og fékk hóp frá Hornafirði til að flytja verkið: Birta, Sigga, Guðrún, Heiðrún, Sunna og Lísu – listin á engin landamæri og teygir sig víða. UMFÖ studdi listahátíðina og þar voru Írena Þöll Sveinsdóttir og Salín Steinþóra Guðmundsdóttir Evu innan handar við undirbúninginn.

12. júlí stýrði Eva Bjarnadóttir Skeiðarárhlaupi sem er víðavangshlaup. UMFÖ studdi verkefnið og þær Írena Þöll Sveinsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttir lögðu fram vinnu í undirbúningi og framkvæmd hlaupsins. Tvær vegalengdir voru í boði 3,5 km og 11,5 km.

6. september stýrði Svanhvít Helga Jóhannsdóttir tónleikum í Kúahlöðunni á Nýjatúni í Svínafelli. Það var opinn hljóðnemi þannig að allir máttu taka þátt í að flytja tónlist. Dan reið á vaðið og lék einnig

undir fyrir þá/þær sem vildu. Þau sem fluttu tónlistaratriði voru í stafrófsröð: Björgúlfur, Courtney Brooks, Dan, Eyrún Þóra Guðmundsdóttir, Íris Ragnarsdóttir Pedersen, Marek Cavojský, Mery Gunzález Tejada, Mike Walker, Rory Harrzn, Sophia Fin, Steinunn Björg Ólafsdóttir, Svanhvít Helga Jóhannsdóttir,

17. september stofnaði Steinunn Björg Ólafsdóttir sönghópin ÖR-æfingar þar sem hún leiðir félagi UMFÖ í fjölradda söng. – Æfingar voru síðan vikulega, ýmist í stað, fjar eða bæði!

16. desember hélt ÖR-æfingakórinn örtónleika utandyra í Freysnesi, Svínafelli og á Hofi. Upphaflega átti að halda tónleika innandyra en það samræmdist ekki sóttvarnarreglunum sem voru í gildi. Hæfilega margir gestir mættu og það var gaman að fá tækifæri til að syngja margradda jólasöngva fyrir sveitungana – til öryggis voru einungis fá lög tekin á hverjum stað því smíthættan eykst ef samverustundin er löng.

Jólaskemmtun var felld niður vegna samkomutakmarkana.

Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar

Árið 2020 var okkur erfitt vegna ástandsins í landinu og var takmarkað hvað hægt var að gera, en við áttum samt góða spretti þegar tækifærin gáfust.

Framkvæmdir á svæðinu lágu niðri vegna anna verktaka, en við ætluðum að fá malarefni á haglabyssu svæðið og í grunninn á ríffilhúsinu. Haft var samband við þrjá verktaka og fengum við loforð tveggja um að þeir kæmu í næstu viku en sú vika er ekki enn komin og árið 2021 gengið í garð.

Eins og síðasta ár settum við iðgjöld ekki í bankainnheimtu en skoruðum á félagi að leggja inn og hafa þær móttökur farið fram úr okkar björtustu vonum og þökkum við fyrir það.

Við tókum þátt í verklega skotvopnanámskeiði Umhverfisstofnunar og tóku 10 manns þátt í því og bættust við nokkrir nýir félagar við af því tilefni.

Einnig var farið á gamla svæðið okkar á Laxárdal og það hreinsað og því skilað.

Engin mót voru haldin af okkar hálfu árið 2020 en félagsmenn fóru á skotmót hjá öðrum félögum og áttum við keppendur á Íslandsmeistaramóti Compak sporting sem var haldið á Akureyri helgina 25-26 júlí en næsta Íslandsmeistaramót verður haldið í Hafnarfirði 2021 og skorum við á félagana að taka þátt.

Eins og allir vita hefur þetta ár einkennst af Covid og þar leiðandi ekki mikið sem hægt hefur verið að gera en við vonum að árið 2021 verði okkur hagstætt því við erum með háleit markmið sem verða kynnt um og eftir páska 2021.

Virðingarfyllst, Ingólfur Guðni Einarsson formaður Skotfélags Hornafjarðar.

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Starfsárið 2020 var mjög kraftmikið hjá Golfklúbbi Hornafjarðar.

Sigurður Guðni Hallsson sá um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl. Félagsmenn komu víða að viðhaldi, fegrun og framkvæmdum í sjálfböðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf. Haldin var vordagur, eða svokallaður “dugnaðssdagur” í apríl. Þar mættu margir vaskir félagar og tóku til hendinni. Sérstaklega var farið í að taka til innanhúss í golfskálanum og veitti ekki af. Þau sem tóku þátt fá þakkir fyrir.

Félögum GHH sem og gestum buðust fjölmörg mót á árinu 2020. Yfir 20 mót voru haldin og í heildina litið þá var þátttaka mjög góð og af nægu var að taka í mótshaldi hjá klúbbnum og verður svo vonandi um ókomin ár. Mótastjórn fær þakkir fyrir góð störf á árinu. Félagar í GHH voru 122 skv. skráningu á Golfbox.

Rekstur golfskálans var í höndum félagskvenna og manna í sumar. Einnig komu að utanumhaldinu Laufey Hafsteinsdóttir og Hafðísar Pálrúnar Gunnarsdóttur, en þær stóðu vaktina í mörgum mótum sumarsins ásamt félögum í golfklúbbnum. Það að hafa ekki fastan rekstraraðila sem sér um eldhúsið er bagalegt og reynir stjórn að finna lausn sem sæmir því umfangi sem rekstur golfklúbbsins er yfir sumarmánuðina.

Golfkennslu barna og unglinga var í höndum golfkennarans Brynjars Arnars Rúnarssonar frá Neskaupsstað. Hann kom og hélt fjórum sinnum helgarnámskeið. Þessi námskeið voru vel sótt. Í sumar var þessum námskeiðum fylgt eftir með tveimur námskeiðum fyrir börn á viku í júní og júlí, sem voru vel sótt. Umsjónarmaður í sumar var Laufey Hafsteinsdóttir. Rétt er að minna á að börn og unglingar fá að spila frítt á golfvöllinum, undir leiðsögn golffélaga. Æfingasvæði golfklúbbsins fékk upplýftingu með gjöf frá góðum félögum í GKG, sem sendu 5 æfingamottur sem hægt er að slá af. Það bætir aðstöðuna að geta slegið af mottum sem þessum.

Vorið 2020 hélt hópur kvenna og fáeinir karlar áfram að stunda innanhússæfingar í Bárunni. Þessar æfingar hafa verið á sunnudögum kl. 10.15 - 11.45. Þátttaka í þessum æfingum hefur verið mjög góð og vaxandi. Á tveimur þessara æfingar bauð Brynjar Örn Rúnarsson upp á golfkennslu ásamt því að bjóða námskeið á vordögum. Mældist þessi golfkennsla mjög vel fyrir.

Fyrirhugaðar æfingabúðir sumarið 2020 til Gdansk í Póllandi fóru í vaskinn, eins og svo margt annað vegna Covid-19 farsóttarinnar. Það má heita kraftaverk hversu lítil áhrif farsóttinn hafði á rekstur golfklúbbsins, en þess ber að geta að golf er íþrótt þar sem frekar auðvelt er að halda fjarlægðarmörk og gera ráðstafanir sem takmarka snertifleti. Segja má að vegna farsóttarinnar hafi ásókn í golf á Íslandi aldrei verið meiri og fékk GHH að njóta þess í sumar. Fleiri gestir og iðkendur komu á völlinn en áður hefur þekkt.

Ný heimasíða GHH leit dagsins ljós sumarið 2020. Hönnuðir síðunnar voru félagar klúbbsins, Sigurbjörg Sara Benediksdóttir og Víðir Orri Reynisson. Lénið á síðuna er <https://ghhgolf.is/>. Eru Söru og Víði færðar þakkir fyrir flotta síðu. Sömu leiðis hófust markvissar skráningar á rástíma á Silfurnesvelli, í gegnum nýja sameiginlega golfsíðu og appi Golfsambands Íslands og fleiri golfsambanda í Evrópu, sem heitir Golfbox. Það hefur ekki alveg verið án hnökra að starta þessu fyrirkomulagi. En stjórn GHH treystir á að skráningarfyrirkomulagið festist í sessi þar sem að því fylgja augljósir kostir.

Á 50 ára afmælisári GHH standa nú yfir miklar framkvæmdir í golfskálanum. Frá þeim verður greint í ársskýrslu næsta árs enda hófust þær í janúar 2021.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars.

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings

Komið sælir allir félagar í Hestamannafélaginu Hornfirðing við ætlum að fara yfir það helsta sem gerðist í starfi Hestamannafélagsins árið 2020 en óhætt er að segja að það hafi gengið býsna vel miðað við það sem heimurinn er að berjast við. (skýrsla æskulýðsnefndar er sér). Uppskeruhátíð Félaga í Hestamannafélaginu Hornfirðing var haldið í des á Smyrlabjörgum þar sem veittar voru viðurkenningar frá Hestamannafélaginu Hornfirðing sem voru Friðrik Snær Friðriksson efnilegasti knapinn, Hlynur Guðmundson knapi ársins (var einnig valin Gæðingaknapi ársins hjá LH) Útreiðanefnd fyrir fjölbreytta dagskrá og Pálmi Guðmundsson fékk viðurkenningu fyrir störf í þágu Hestamannafélagsins Hornfirðings.

Í janúar stóð til að halda folaldasýningu en hún féll niður sökum dræmrar þátttöku, Rósa Birna Þorvaldsdóttir byrjaði með reiðnámskeið sem átti svo að halda áfram í febrúar og mars en féll svo niður vegna ófærðar og Covid. Vetrarmót var haldið í Reiðhöllinni 8.febr, Ístölt austurlands fór fram 22 febrúar upp á Héraði þar sem við áttum fulltrúa, fundur um Hrossrækt var haldin í Stekkhól en Sveinn Steinarsson formaður Félags hrossabænda og Þorvaldur Kristjánsson hrossaræktarráðunautur voru á ferðinni, vetrarmót 2. Fór fram í Reiðhöllinni 7. Mars og 15 mars fór 3 vetramótið fram á ísi lagðri grasbrautinni. 10 maí fór fram mót í anda firmakeppni. Helgina 20 og 21 júní fór Félagsmót Hornfirðings fram í blíðskaparveðri og var frábær þátttaka eða um 70 skráningar og gekk framkvæmd þess mjög vel. Hestaþing Kóps á Klaustri fór fram daganna 10 og 11 júlí og gaman frá því að segja að 17 knapar og 3 knapar í pollaflokk úr Hestamannafélaginu Hornfirðing tóku þátt í Hestaþingi Kóps.

Fyrstu hross voru tekinn inn í Félagshesthús 20 nóvember og því miður fengu færri stíur þar en vildu, búið er að setja upp myndavélakerfi í Félagshesthúsi og Reiðhöll og einnig 4 útigerði fyrir framan. Varmadæla var sett upp í haust í Stekkhól og er að koma vel út og til stendur að leggja Ljósleiðara í Stekkhól sem yrði uppfærður sem styrkur frá sveitafélaginu, 1,4 mill kom í reiðvegastyrk og fór hann í viðgerð á Öddahring.

Hér hefur verið stiklað á því helsta á starfsárinu 2020 en þó er það sem stendur upp úr er Æskulýðsbikar LH sem Hestamannfélagið Hornfirðingur hlaut í haust og á æskulýðsnefnd heiður fyrir sín störf.

Magnús Skúlason

Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Hornfirðings

Mikið líf er að færast í hestamennsku á ný í Hornafirði eftir nokkura ára í lægð. Eins og hjá mörgum öðrum hestamannafélögum hefur nýliðun verið lítil hjá Hornfirðingi, þó að aðsókn hafi verið góð á reiðnámskeiðum fyrir börn og unglina, þá hefur sárlega vantað félagshesthús fyrir þá sem eru að byrja í hestamennsku. Félagar í hestamannafélaginu Hornfirðingi lyftu „grettistaki“ til að styrkja nýliðun og um leið æskulýðsstarf hjá félaginu með því að vinna í sjálfböðavinnu við að innrétta glæsilegt félagshesthús við hlið reiðhóllarinnar. Framkvæmdir hófust í nóvember 2018 og hesthúsið var tekið í notkun á Fjórðungsmótinu sumarið 2019. Í hesthúsinu eru 20 rúmgóðar, eins hesta stíur, upphituð kaffistofa, snyrting, aðstaða fyrir reiðtygi, fóður ofl. Hestamannafélagið niðurgreiðir leigu fyrir börn og unglina um 50%. Fyrstu hestarnir komu á hús þann 14. október 2019 og skipulagt

æskulýðsstarf hófst í kjölfarið. Auglýst var opið hús / vöflukaffi í félagshesthúsinu þann 20. október, öllum var boðið að kíkja í heimsókn til að skoða aðstöðuna og hestana í félagshesthúsinu.

Aðalfundur Hornfirðings var haldinn þann 28. nóvember 2019 og þar voru teknir inn nýir félagar, þar á meðal nokkur fjöldi barna og unglinga. Ný Æskulýðsnefnd var skipuð og Snæsa sem rekur hrossabú í Lækjarhúsum, mætti í nokkur skipti í félagshesthúsið til að aðstoða krakkana af stað, við vetrarþjálfun í reiðhöllinni. Eftir æfingar var boðið upp á veitingar í kaffistofu félagshesthússins og rætt um æskulýðsstarfið. Snæsa kom aftur í heimsókn þann 14. desember til að undirbúa sýningu „Jólahitting“ reiðhöllinni þar sem krakkarnir voru að skreyta hestana sína með jólaskrauti/jólaseríum.

Á uppskeruhátíð bænda og Hornfirðings (jólahaðborð) sem haldið var að Smyrlabjörgum þann 14. desember var veitt sérstök viðurkenning fyrir efnilegasta knapa Hornfirðings, starfsárið 2018-2019, fyrir valinu varð Friðrik Snær Friðriksson, en hann keppti á Landsmóti hestamanna í Víðidal í júlí 2018 og hann náði einnig góðum árangri á félagsmóti Hornfirðings árið 2019 og á ýmsum öðrum mótum sem hann tók þátt í það ár. Jólahittingur var haldinn í félagshesthúsinu og reiðhöllinni þann 15. desember 2019. Öllum félagsmönnum, forráðamönnum barna og unglinga á námskeiðinu var boðið að koma og horfa á sýningu hjá Snæsu og krökkunum í reiðhöllinni þar sem búið var að skreyta hestana með jólaskrauti og jólaljósaseríum. Einnig var boðið upp á heitt kakó og piparkökur í boði Nettó.

Snæsa kom aftur í heimsókn þann 10. janúar 2020 í félagshesthúsið til að aðstoða krakkana með þjálfun á hestunum í reiðhöllinni og hvetja þau til að taka þátt í reiðnámskeiði sem hestamannafélagið verður boðið upp helgina 18.-19. janúar með Rósu Birnu Þorvaldsdóttur reiðkennara. Rósa Birna var bæði með meira vana krakka í einkatíma og með 5 krakka, minna vana, í hóptíma á laugardegi og sunnudegi. Síðan var stefnt að því að hún kæmi eina helgi í febrúar og eina helgi í mars með framhaldsreiðnámskeið fyrir bæði börn, unglinga og fullorðna. Vegna óveðurs féll niður námskeiðið sem átti að vera með Rósu Birnu í febrúar og í mars var reiðhöllinni lokað tímabundið í kjölfar Covid-19 faraldurs og samkomubannsins. Snæsa bauð upp á helgarnámskeið í Lækjarhúsum fyrir börn og unglinga á grunnskólaaldri. Allir krakkar á námskeiðinu fengu hesta og reiðtygi á staðnum. Fyrsta námskeiðið var haldið 29. febrúar og foreldrar skiptust á að keyra með börnin í Lækjarhús. Þátttakendur á laugardeginum voru samtals 16, og aðeins þrjú þeirra höfðu verið á reiðnámskeiði áður. Á sunnudeginum komu síðan meira vanir krakkar og þau æfðu sig í útigerðinu, þrátt fyrir gular viðvaranir af veðri, það var ekki slegið slöku við, enda áhugasamir krakkar þar á ferð. Ístölt Austurlands, var haldið að Finnsstöðum, laugardaginn 22. febrúar. Friðrik Snær keppti í tölti fyrir 17 ára og yngri og nokkrir áhugasamir krakkar úr félagshesthúsinu komu með austur til að fylgjast með keppni með að markmiði að taka þátt í Ístölti Austurlands á næsta ári.

Páskagleði Hornfirðings var haldin í reiðhöllinni þann 11. apríl 2020, þar tóku þátt nokkrir ungir krakkar, keppt var í hindrunarstökki og tímabraut. Því miður varð að aflýsa „Opnu húsi í félagshesthúsinu“ og útreiðartúr á degi íslenska hestsins í reiðhöllinni þann 1. maí vegna Covid - 19 faraldurs og samkomubanns í íþróttamannvirkjum um allt land. Firmakeppni Hornfirðings var haldin utandyra þann 10. maí á félagssvæði Hornfirðings í ágætu veðri og þar voru ungir fulltrúar Hornfirðings sem hafa tekið þátt í æskulýðsstarfi félagsins í vetur.

Sumarnámskeið fyrir börn- og unglinga var haldið á félagssvæði Hornfirðings dagana 8.-12. júní 2020. Snæsa í Lækjarhúsum var leiðbeinandi á námskeiðinu og var með eldri krakka sér til aðstoðar. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og í allt tóku þátt um 20 börn. Félagsmót Hornfirðings var haldið helgina 13.-14. júní 2020 á félagssvæði Hornfirðings að Fornustekkom. Þar voru keppendur úr

æskulýðsstarfinu sem kepptu í barna-, unglinga- og ungmennaflokki. Einnig mættu 8. krakkar í pollaflokk.

Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að nokkrir félagar í Hornfirðingi hafa farið á hestamót hjá Kóp á Kirkjubæjarklaustri. Að þessu sinni var bæði firmakeppni og hestaþing Kóps haldið dagana 10-11. júlí 2020 að Sólvöllum í Landbroti. Mótið fór fram í frábæru veðri félagar í Kópi tóku vel á móti gestum sínum.

Talsverð truflun varð á vetrarstarfi Æskulýðsnefndar Hornfirðings á síðasta starfsári vegna Covid-19 faraldursins og samkomubannsins. Ýmsir viðburðir sem voru á dagskrá á starfsárinu voru felldir niður eða frestað, eins og reiðnámskeið með Rósu Birnu Þorvaldsdóttur í mars, Dagur íslenska hestsins 1. maí, sumarnámskeið í Hestheimum í júní ofl. Þrátt fyrir þetta gekk starfið ótrúlega vel og munar þar mest um frábært starf Snæbjargar Guðmundsdóttur (Snæsu) en hún sá til þess að börn og unglingar höfðu nóg fyrir stafni og síðan hefur félagshesthúsið og reiðhöllin virkilega sannað gildi sitt fyrir æskulýðsstarf hjá félaginu.

F.h. Æskulýðsnefndar Hornfirðings – Pálmi Guðmundsson

Ársskýrsla hafði ekki borist frá Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu og Klifurfélagi Öræfa þegar gengið var frá ársritinu

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.